

# 1. LITAFRÆÐI

## Umræður um liti

Þegar byrjað er að vinna með liti er ágætt að ræða vítt og breitt um liti í umhverfinu og gera einföld verkefni.

Fyrst er að kynna litina á íslensku og nemendur skrifa bæði íslensk heiti og heiti á sínu eigin tungumáli yfir liti.

Hvernig eru föt nemendanna á litinn?

Hvaða litir eru úti í náttúrunni?

Hvaða litir eru í herbergjum nemendanna?

Hvaða litir eru uppáhaldslitir nemendanna?

Hvað eru ljótir litir?

Hvað eru fallegir litir?

Það fer eftir íslenskukunnáttu nemendanna hvernig verkefnin eru tekin fyrir.